

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 4. apríl 2013 í máli nr. E-3801/2012:

Gunnar Hilmarsson

(Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson hrl.)

gegn

Andersen & Lauth ehf. (nú K7 ehf.)

(Skúli Bjarnason hrl.)

Mál þetta var höfðað 15. nóvember 2012 og dómtekið 13. mars 2013 að loknum munnlegum málflutningi.

Stefnandi er Gunnar Hilmarsson, til heimilis að Fellsmúla 22, Reykjavík, en stefndi er Andersen & Lauth ehf., (nú K7 ehf.) Kringlunni 7, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 2.717.412 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 26. apríl 2012 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda, en til vara að dómkröfur verði verulega lækkaðar. Þá er krafist skuldajöfnunar fyrir allri stefnukröfunni 2.717.412 krónum ásamt vöxtum. Stefndi krefst jafnframt málskostnaðar.

II.

Málsatvik

Stefnandi hóf störf hjá stefnda sem er hönnunar- og framleiðslufyrirtæki á sviði tískufatnaðar í ágúst 2009. Með bréfi, dags. 27. febrúar 2012, var honum sagt upp störfum hjá stefnda frá og með 1. mars 2012. Uppsagnarfrestur var þrjú mánuðir og var gerð krafa um vinnuframlag stefnanda á uppsagnarfrestinum eða til 31. maí s.á. Með bréfi stefnda, dags. 26. apríl s.á. var stefnanda tilkynnt að ekki væri óskað frekara vinnuframlags af hans hálfu þótt uppsagnarfrestur væri ekki liðinn og að frekari launagreiðslur til hans kæmu ekki til álita, þ.e. fyrir mánuðina apríl og maí 2012. Stefnandi telur að hann eigi rétt á launagreiðslum allan uppsagnarfrestinn, þ.e. fyrir mánuðina apríl og maí, en laun hafi verið greidd fyrir

marsmánuð.

Í greindu uppsagnarbréfi stefnda, dags. 27. febrúar 2012, segir að ástæður uppsagnarinnar megi m.a. rekja til langvarandi samstarfsörðugleika og trúnaðarbrests milli stefnanda og stefnda. Stefnandi hafi ekki skilað verkefnum á réttum tíma, ekki mætt á boðaða fundi með fyrirsvarsmönnum og unnið fyrir aðra aðila án heimildar. Hann hafi einnig skuldbundið stefnda fjárhagslega án þess að hafa til þess heimild og fegrað efnahags- og rekstrarreikninga félagsins í tengslum við kaup Frumtaks slhf. árið 2009.

Stefndi hefur andmælt kröfum stefnanda og byggir sýknu- og varakröfu sína á því að stefnandi hafi með saknæmum og ólögum hætti brotið starfs- og trúnaðarskyldur sínar gagnvart stefnda og þannig valdið honum tjóni. Af þeim sökum hafi honum verið vikið fyrirvaralaust úr starfi í kjölfar uppsagnar, áður en uppsagnarfestur hafi verið liðinn og án greiðslu launa í uppsagnarfresti.

Í málinu hefur stefnandi uppi kröfu á hendur stefnda um greiðslu launa fyrir apríl og maí 2012 samtals að fjárhæð 1.663.750 krónur, um greiðslu orlofs fyrir tímabilið 1. maí 2011 til 30. apríl 2012 að fjárhæð 921.320 krónur og fyrir tímabilið 1. maí til 31. maí 2012 að fjárhæð 84.602 krónur, um greiðslu orlofsuppbótar 2012 að fjárhæð 21.000 krónur og desemberuppbótar 2012 að fjárhæð 26.740 krónur eða samtals 2.717.412 krónur.

Fyrir liggur skriflegur ráðningarsamningur á milli aðila, dags. 20. ágúst 2009. Í 3. gr. samningsins segir að starfsmaður heiti því að vinna af trúmennsku og skyldurækni þau störf sem hann hafi tekist á hendur og aðhafast ekkert það sem geti skaðað félagið og orðstír þess. Í 6. gr. samningsins kemur fram að upplýsingar um verklag og vinnuferli sé atvinnuleyndarmál og eign stefnda. Samkvæmt c-lið sömu greinar skuldbatt stefnandi sig til að gæta trúnaðar varðandi upplýsingar frá þriðja aðila og að hagnýta þær ekki nema í tengslum við starf sitt í þágu stefnda, nema fyrir liggja skýlaus og skrifleg heimild stjórnar stefnda. Þagnar- og trúnaðarskylda samkvæmt 6. gr. ráðningarsamningsins er ótímabundin og brot bótaskyld samkvæmt ákvæðinu. Segir í niðurlagi greinarinnar að verði ákvæðum greinarinnar ekki fullnægt sé litið á það sem alvarlegt brot á starfsskyldum er geti leitt til fyrirvaralausrar uppsagnar og bótaskyldu starfsmanns. Ákvæði um samkeppnishömlur eru í 1. mgr. 8. gr. ráðningarsamningsins, þar sem mælt er fyrir um að stefnanda sé óheimilt á ráðningartíma að taka að sér launuð störf eða verkefni sem sjálfstæður aðili, svo sem verk taki eða ráðgjafi eða taka sér launaða sem ólaunaða aukavinnu nema með sérstöku skriflegu samþykki framkvæmdastjóra. Þá sé stefnanda óheimilt að taka við starfi á sama starfssviði og hann starfi á hjá stefnda, hvorki beint né óbeint, hjá samkeppnisaðilum, hefja eða tengjast slíkri starfsemi í a.m.k. sex mánuði frá starfslökum nema með skriflegu leyfi frá framkvæmdastjóra félagsins, sbr. 3. mgr. greinarinnar. Þá er um það mælt í 4. mgr. sömu greinar að brjóti stefnandi gegn ákvæðum um samningshömlur geti hann bakað sér skaðabótaskyldu gagnvart stefnda.

Samkvæmt gögnum málsins var hlutafé stefnda aukið um 200.000.000 króna á árinu 2009, með aðkomu samlagssjóðsins Frumtaks slhf., og samhliða gengið frá hluthafasamkomulagi sem stefnandi átti aðild að. Í 6. gr. samkomulagsins sem fjallar um ákvæði í ráðningarsamningum um trúnað, höfundarrétt og samkeppni var m.a. lagt bann við því að stefnandi tæki að sér störf

fyrir aðra meðan á ráðningu stæði hjá félaginu, nema með leyfi stjórnar, bann var lagt við samkeppni stefnanda við félagið og bent á lögbannsrétt fyrirtækisins gegn samkeppnisbrotum starfsmanns í allt að sex mánuði eftir að störfum hans lyki fyrir félagið. Þá var bent á þagnarskyldu, trúnað um málefni félagsins og skil á gögnum. Í 12. gr. greinds hluthafasamkomulags er mælt fyrir um að stefnandi sé skuldbundinn til að vinna hjá stefnda og hafi ekki haft heimild „til að hanna vörur fyrir önnur fyrirtæki nema með leyfi stjórnar“ auk þess sem á honum hvíli samkeppnishömlur. Í viðauka V, sem er yfirlýsing við hluthafasamkomulagið, kemur fram að stefnandi staðfesti og ábyrgist að hann muni starfa hjá stefnda og skuldbindi sig til að taka ekki við starfi á starfssviði stefnda hjá samkeppnisaðilum, hefja, eiga hlutdeild í eða tengjast, svo sem með samstarfssamningum eða öðrum hætti, slíkri starfsemi á meðan hann sé hluthafi í félaginu og a.m.k. í tvö ár eftir að hann selji hlutabréf sín í því nema með skriflegu leyfi stefnda, sbr. 1. gr. A-hluta yfirlýsingarinnar. Þá segir í 3. gr. að stefnandi skuldbindi sig til þess að eiga ekki viðskipti né samstarf með öðrum hætti við viðskiptavini, birgja eða samstarfsaðila sem stefndi hefur átt á meðan stefnandi var hluthafi í stefnda og ekki í tvö ár eftir að stefnandi selji hlutabréf sín í stefnda. Í 5. gr. A-hluta viðaukans segir að brot á ákvæðum hans leiði til bótaskyldu gagnvart stefnda og honum sé heimilt að leggja lögbann við þeim störfum stefnanda og viðskiptum eða samstarfi sem fari í bága við greinda yfirlýsingu.

Þann 13. október 2010, undirritaði stefnandi samning um afsal á öllu hlutafé sínu í stefnda í tengslum við endurfjármögnun stefnda. Kemur fram í samningnum að sammingsaðilum sé ljóst að grípa þurfi til umfangsmikilla aðgerða til þess að afstýra gjaldþroti stefnda, svo sem með afléttingu skulda og endurfjármögnun. Sem lið í þeim aðgerðum og í ljósi þess að hlutafé í stefnda væri í raun einskis virði, og að Frumtak slhf. hafi fjárfest í félaginu fyrir 200.000.000 króna á grundvelli fjárhagsupplýsinga sem reynst hafi að verulegu leyti rangar geri aðilar með sér samning um að stefnandi afsali til Frumtaks slhf. öllu hlutafé sínu í stefnda.

III.

1. Málsástæður og lagarök stefnanda

Af hálfu stefnanda er á því byggt að hann hafi ekki fengið greidd laun og launatengdar greiðslur frá stefnda fyrir mánuðina apríl og maí 2012.

Dómkrafa stefnanda er sundurliðuð þannig að mánaðarlaun hans hafi verið 831.875 krónur og hann hafi átt rétt á launagreiðslum fyrir mánuðina apríl og maí samtals að fjárhæð 1.663.750 krónur að viðbættu orlofi fyrir tímabilið 1. maí 2011 til 30. apríl 2012 að fjárhæð 921.320 krónur, óunnu ógreiddu orlofi í uppsagnarfresti fyrir tímabilið 1. – 31. maí 2012 að fjárhæð 84.602 krónur, orlofsuppbót 2012 að fjárhæð 21.000 krónur og desemberuppbót 2012 26.740 krónur, eða samtals 2.717.412 krónur. Krafa stefnanda á hendur stefnda hafi gjaldfallið þann 26. apríl 2012, þegar stefndi hafi krafist þess að stefnandi léti af störfum. Auk þess kemur sú krafa fram í greinargerð stefnanda að verði ekki fallist á að dómkrafa stefnanda á hendur stefnda beri dráttarvexti frá 26. apríl 2012, skuli miðað við að dómkrafan beri dráttarvexti frá 1. maí 2012 en til þrautavara frá 1. júní 2012.

Stefnandi kveðst styðja kröfur sínar við lög nr. 28/1930, um greiðslu verkkaups, lög nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda og lög nr. 30/1987, um orlof, lög um vexti og verðtryggingu og meginreglur kröfuréttar, vinnuréttar og kjarasamninga VR og vinnuveitenda. Málskostnaðarkrafa sé reist á 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

2. Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að stefnandi hafi með saknæmum og ólögumætum hætti brotið starfs- og trúnaðarskyldur sínar gagnvart stefnda. Af þeim sökum hafi honum verið vikið fyrirvaralaust úr starfi og án greiðslu launa. Ráðningarsamningi hafi verið rift án bótaskyldu í samræmi við meginreglur vinnuréttar, kröfuréttar, samningaréttar og skaðabótaréttar, um brot starfsmanna í starfi. Stefndi tekur fram að stefndi sé hönnunar- og framleiðslufyrirtæki á sviði tískufatnaðar og fylgihluta. Hafi stefnandi staðið að stofnun stefnda á árinu 2006 og hafi verið á meðal aðaleigenda þess. Stefndi hafi verið í persónulegum tengslum við alla viðskiptavinum og samstarfsaðila stefnda og hafi búið yfir upplýsingum og kunnáttu sem verðmæti félagsins hafi að miklu leyti verið byggt á. Telur stefndi að stefnandi hafi brotið allar samningsskyldur sem hann hafi undirgengist og þannig bakað honum stórfellt tjón. Það hafi réttlætt tafarlausa brottvikningu úr starfi án launa í uppsagnarfresti.

Stefndi telur sannað að brot stefnanda hafi byrjað í nóvember 2011, og verið viðvarandi út gildistíma samkeppnisákvæða þann 1. desember 2012. Brot stefnanda felist m.a. í misnotkun trúnaðarupplýsinga í eigin þágu, vanrækslu starfsskyldna og samstarfi við samstarfsaðila stefnda er hafi farið í bága við skýra samningsskyldu. Stefndi hafi tekið að sér aukavinnu fyrir aðra á starfssviði stefnda í trássi við samningsákvæði og vilja stefnda auk þess sem hann hafi ráðið sig til starfa hjá samkeppnisaðila og sjálfur hafið samkeppni við stefnda í andstöðu við samningsskuldbindingar hans, m.a. með því að taka að sér hönnun starfsmannabúninga fyrir WOW air í nóvember 2011, og hafist handa við hönnun og framleiðslu fatnaðar undir eigin vörumerki Freebird á meðan hann var samningsskuldbundinn stefnda. Þá hafi stefnandi á starfstíma sínum hjá stefnda átt í viðskiptum vegna eigin hönnunar við framleiðandann Mastice sem hefði verið samstarfsaðili og aðalframleiðandi stefnda á sama tímabili. Auk þess sem hann hafi gert samkomulag við sama aðila um að 10 prósent af greiðslum stefnda til Mastice fyrir framleiðslu vor- og sumarlínu stefnda árið 2012 yrðu greiddar stefnanda persónulega. Hefði þetta valdið stefnda fjárhagslegu tjóni sem væri fólgið í ofgreiddum framleiðslukostnaði. Þá hafi stefnandi á gildistíma samkeppnisákvæða tekið að sér störf fyrir samkeppnisaðila stefnda, E-Label.

Varakrafa stefnda er sett fram til öryggis (ex tuto) og kveður stefndi hana byggja á sömu málsatvikum og málsástæðum og aðalkrafan. Verði ekki fallist á sýknu, krefst stefndi skuldajöfnunar vegna þeirra bótakrafna sem hann telur sig eiga á stefnanda vegna bótaskyldra brota stefnanda á starfsskyldum.

Stefndi mótmælir sérstaklega vaxtakröfu stefnanda að því er varðar upphafstíma dráttarvaxta, vaxtafót.

Stefndi vísar til stuðnings dómkröfum sínum til 1. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991, laga nr. 7/1936, til almennra reglna samningaréttar og vinnuréttar og kröfu- og skaðabótaréttar, einkum sakarreglunnar innan samninga og utan.

IV.

Niðurstaða

Stefnandi starfaði sem fatahönnuður hjá stefnda og hafði verið starfsmaður hans frá árinu 2009. Honum var sagt upp störfum hinn 27. febrúar 2012 með þriggja mánaða uppsagnarfresti frá 1. mars 2012 að telja á þeim grunni að hann hefði brotið starfs- og trúnaðarskyldur sínar gagnvart stefnda. Síðar var honum gert að láta af störfum áður en uppsagnarfrestur var liðinn eða þann 26. apríl 2012.

Óumdeilt er að stefnandi fékk greidd laun og aðrar launatengdar greiðslur í uppsagnarfrestinum til 1. apríl 2012, en greiðslur fyrir mánuðina apríl og maí 2012 voru ekki inntar af hendi. Af hálfu stefnda er á því byggt að honum hafi verið heimilt að rifta ráðningarsamningnum án bótaskyldu vegna samningsbrota stefnanda. Stefnandi heldur því fram að hann hafi átt rétt á launagreiðslum allan uppsagnarfrestinn og að þær kröfur hafi gjaldfallið 26. apríl 2012. Þannig gerir stefnandi kröfu um að fá greidd laun í uppsagnarfresti fyrir tímabilið 1. apríl til 31. maí 2012, auk orlofs, orlofsuppbótar og desemberuppbótar.

Stefndi hefur, m.a. með aðila- og vitnaskýrslum núverandi framkvæmdastjóra stefnda og rekstraraðila E-label ehf. sem átti í viðskiptum við stefnanda eftir að hann lét af störfum hjá stefnda, leitast við að renna stoðum undir þá málsvörn sína að stefnandi hafi með margvíslegum hætti brotið starfs- og trúnaðarskyldur sínar gagnvart stefnda. Af hálfu stefnda er staðhæft að brot stefnanda hafi byrjað í nóvember 2011, og verið viðvarandi út gildistíma samkeppnisákvæða þann 1. desember 2012. Stefnandi mótmælir öllum ávirðingum stefnda.

Af gögnum þeim sem stefndi lagði fram með greinargerð sinni verður ekki annað ráðið en að stefnandi máls þessa hafi brotið starfsskyldur sínar svo verulega að réttlætt hafi fyrirvaralausar riftun á ráðningarsamningi hans hinn 26. apríl 2012. Er það helst að nefna að stefnandi tók að sér hönnun gegn greiðslu fyrir WOW air í nóvember 2011, sbr. tölvubréf á milli stefnanda og fyrirsvarsmanna WOW air sem dagsett eru í nóvember og desember 2011, og hélt þeirri starfsemi áfram án þess að séð verði að leitað hafi verið skriflegs samþykkis stefnda á þeirri tilhögun. Þessi háttsemi fór í bága við 1. mgr. 8. gr. ráðningarsamnings þess sem fyrr er getið en samkvæmt ákvæðinu var stefnanda óheimilt að taka að sér launuð störf eða verkefni sem sjálfstæður aðili, svo sem verktaki eða ráðgjafi á ráðningartíma sínum nema með skriflegu samþykki framkvæmdastjóra.

Að auki lagði hann með margvíslegum hætti grunn að eigin starfsemi sem tengdist fatahönnun undir vörumerkinu Freebird á starfstíma sínum hjá stefnda og án hans samþykkis. Var það m.a. gert með stofnun lénsins „freebirdclothes.com“ og með pöntunum á fatamerkingum undir sama nafni. Því hefur ekki verið mótmælt með rökstuddum hætti að þessi hegðun hafi farið í bága við þau samkeppnisákvæði sem stefnanda var skylt að hlíta. Þá liggur fyrir í gögnum málsins að kynningarbók fyrir fatalínu stefnanda undir greindu merki hafi verið tilbúin í júlí 2012 og síðan kynnt opinberlega á sýningu í Þjóðmenningarhúsi 1. nóvember 2012. Loks var haft eftir stefnanda í blaðaviðtali sama dag, þann 1. nóvember, að tíminn sem það tæki að hanna vöru og koma henni í verslun væri heilt ár. Þessu viðtali hefur ekki verið mótmælt sérstaklega.

Samkvæmt framanrituðu þykir því sannað að stefnandi hafi á sama tíma og hann var samningsskuldbundinn stefnda bæði tekið að sér launuð verkefni og hafist handa við undirbúning eigin starfsemi í samkeppni við stefnda. Er hvort tveggja brýnt brot á fyrrgreindum ákvæðum ráðningarsamningsins, hlutahafasamkomulagsins og viðauka við það.

Fyrir liggur að stefnanda var sagt upp störfum 27. febrúar 2012 vegna samstarfsörðugleika og trúnaðarbrests sem þá var talinn hafa orðið. Þann 26. apríl sama ár gerði stefndi hins vegar kröfu á hendur stefnanda um tafarlaus starfslok og tilgreindi sem ástæðu m.a. „rökstuddan grun um marghátuð brot yðar og óheilindi í garð fyrirtækisins“.

Eins og að framan er rakið þykir sannað í máli þessu að stefnandi hafi sýnt af sér ávirðingar og verður að telja að í þeim hafi falist veruleg vanefnd auk þess sem hætta var á áframhaldandi sammingsbrotum. Var því heimilt að víkja stefnanda úr starfi fyrirvaralaust með þeim hætti sem gert var þann 26. apríl 2012.

Af framangreindu leiðir að stefnanda bar ekki réttur til greiðslu launa í uppsagnarfresti eftir 26. apríl 2012. Stefnda þykir á hinn bóginn bera að greiða stefnanda laun fyrir tímabilið 1. apríl – 26. apríl 2012, auk orlofs og orlofsuppbótar fyrir tímabilið 1. maí 2011 til 26. apríl 2012, allt ásamt dráttarvöxtum frá 26. apríl 2012, auk hlutfallslegrar desemberuppbótar árið 2012, enda liggur ekki annað fyrir en að stefnandi hafi unnið fyrir stefnda til 26. apríl 2012.

Með vísan til þess er að framan greinir telst stefnandi eiga kröfu á hendur stefnda að fjárhæð 1.800.935 krónur (831.875 kr. laun fyrir apríl + 921.320 kr. orlof 1. maí 2011-30. apríl 2012 + 21.000 kr. orlofsuppbót 2012 og 26.740 kr. desemberuppbót 2012) en einstökum kröfuliðum hefur ekki verið mótmælt sérstaklega. Um vexti fer svo sem í dómsorði greinir, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Kröfu stefnda um skuldajöfnun er synjað, sbr. 1. gr. laga nr. 28/1930 i.f.

Eftir framangreindum málsúrslitum og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála þykir rétt að hvor aðili ber sinn kostnað af málinu.

Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, Andersen & Lauth ehf. (nú K7 ehf.), greiði stefnanda 1.800.935 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 26. apríl 2012 til greiðsludags.

Aðilar bera hvor sinn hluta málskostnaðar.

Ragnheiður Snorradóttir (sign.)